

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Akraneskaupstað.

Vogar17 – Vogar/Flæðilækur.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 13. apríl 2021 breytingu á deiliskipulagi Vogahverfis, vegna lóðar nr. 17 og Flæðilækjar. Í breytingunni felst m.a. að breyta lóð og byggingarreit á Vogum 17, bæta við lóðinni Vogar/Flæðilækur, með nýjum byggingarreit fyrir geymslu og viðgerðarhús.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Æðaroddi 40.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 13. apríl 2021 breytingu á deiliskipulagi Æðarodda vegna Æðarodda 40. Í breytingunni felst m.a. að gerð er breyting á byggingarreit.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Asparskógar 1 – 5 – 7.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 27. apríl 2021 breytingu á deiliskipulagi Skógahverfis, áfanga 4. Breytingin felst m.a. í að heimilaðir eru svalagangar á mannvirkjum á lóðum nr. 1, 5 og 7 við Asparskóga.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Akranesi, 10. maí 2021.

Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 12. maí 2021